



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Sorpa bs.
b.t. Björns H. Halldórssonar, framkvæmdastjóra
Gylfaflöt 5
112 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2017
Tilv.: 1302013

Varðar: Kvörtun Gámaþjónustunnar hf. vegna ákvörðunar Sorpu bs. um að afnema afslætti - Dómur Hæstaréttar Íslands 2. febrúar 2017

Samkeppniseftirlitið vísar til kvörtunar Gámaþjónustunnar hf. frá 8. júlí 2013 vegna gjaldskrábreytingar Sorpu bs. og áhrifa hennar á samkeppni. Við meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitið aflað sjónarmiða aðila málsins auk ýmissa gagna um verðlagningu frá Sorpu.

Með bréfi til málsaðila, dags. 14. apríl 2016, tilkynnti Samkeppniseftirlitið um tafir á meðferð málsins vegna mikils málafjölda í meðferð hjá eftirlitinu og í ljósi þess að úrlausn kvörtunar Gámaþjónustunnar myndi ráðast að töluverðu leyti af endanlegri niðurstöðu þess máls sem lauk með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 34/2012, *Misnotkun Sorpu bs. á markaðsráðandi stöðu*. Sú niðurstaða lá fyrir í febrúar á þessu ári. Meðferð málsins hefur tafist frekar vegna mikils málafjölda hjá Samkeppniseftirlitinu. Í frétt sem birt var á vefsíðu Samkeppniseftirlitsins 13. júní sl. kemur fram að vegna anna við við rannsókn samrunamála, sem bundin eru lögbundnum tímafrustum, hafi orðið tafir á meðferð annarra mála hjá eftirlitinu. Jafnframt kom fram að fyrirsjáanlegt væri að áframhaldandi tafir yrðu á málsmeðferð vegna þessa. Þá kom fram að Samkeppniseftirlitið hygðist taka tilefni til rannsóknar og forgangsröðunar annarra mála en samrunamála til endurskoðunar á haustmánuðum.

Í ákvörðun nr. 34/2012 var komist að þeirri niðurstöðu að Sorpa hafi verið í markaðsráðandi stöðu og að byggðasam lagið hafi misnotað þá stöðu og þar með brotið gegn 11. gr. samkeppnisлага. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 16. janúar 2015 var Samkeppniseftirlitið sýknað af kröfum Sorpu um að úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 1/2013, sem staðfesti ákvörðun nr. 34/2012, yrði felldur úr gildi. Sorpa áfrýjaði þessari niðurstöðu héraðsdóms til Hæstaréttar Íslands. Með dómi 9. desember 2015 í máli nr. 273/2015 leitaði Hæstiréttur ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins vegna málsins. Með dómi 22. september 2016 í máli nr. E-29/15 svaraði EFTA dómstóllinn þeim spurningum sem Hæstiréttur hafði óskað ráðgefandi álits um. Með dómi Hæstaréttar



2. febrúar 2017 staðfesti rétturinn dóm héraðsdóm og þar með ákvörðun Samkeppnis-eftirlitsins um brot Sorpu á 11. gr. samkeppnislaga.

Af dómi Hæstaréttar og EFTA-dómstólsins í málinu liggur ljóst fyrir að Sorpa telst fyrirtæki sem stundar atvinnurekstur í skilningi 1. og 2. tl. 4. gr. samkeppnislaga. Er með dómi Hæstaréttar staðfest að Sorpa hafði markaðsráðandi stöðu á brotatímabili málsins bæði á markaðinum fyrir flokkun og meðhöndlun úrgangs (móttökustöðvar /flokkunarmiðstöðvar) og markaðinum fyrir förgun úrgangs (förgunarstaðir). Þá var það mat Hæstaréttar að sérlög eða undanþágur kæmu ekki í veg fyrir að unnt væri að beita 11. gr. samkeppnislaga vegna háttsemi Sorpu í málinu.

Í ljósi þess að framangreind niðurstafaða Hæstaréttar Íslands liggur fyrir er það frummat Samkeppniseftirlitsins að sú háttsemi sem fjallað er um í erindi Gámaþjónustunnar frá 8. júlí 2013 geti fallið undir gildissvið 11. gr. samkeppnislaga. Í því ljósi óskar Samkeppnis-eftirlitið eftir sjónarmiðum Sorpu um áhrif dómsins á þetta stjórnsýslumál og hvort fyrirtækið telji tilefni til þess að endurskoða gjaldskrá sína með hliðsjón af þessari niðurstöðu. Þess er óskað að sjónarmið Sorpu berist eigi síðar en **9. janúar nk.** Í kjölfar svars Sorpu óskar Samkeppniseftirlitið eftir því að eiga fund með byggðasamlaginu til að ræða næstu skref málsins.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið



Magnús Þór Kristjánsson

Afrit: Landslög, b.t. Jónu Bjarkar Helgadóttur hrl., Borgartúni 26, 105 Reykjavík.